

áfrýjaða úrskurð úr gildi og fjárnámsgerðina að því leyti sem henni er áfrýjað.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgerð, að því leyti sem henni er áfrýjað, skal úr gildi felt.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 8/1915.

Sveinn Björnsson
f. h. Oluf Holm
gegn
Lyder Höydal og
Jens L. Ouse.

D ó m u r:

Við fúgetagerð í Vestmannaeyjum 10. des. f. á., sem haldinn var eftir kröfu áfrýjanda Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns f. h. Oluf Holm hjá stefnda Lyder Höydal til að fullnægja landsyfírréttardómi 27. júlí s. á. í máli milli áfrýjanda og stefnda, kvað fúgetinn upp úrskurð á þá leið, að frekari aðför ætti eigi fram að fara, nema fyrir að-

fararkostnaði, 15 kr. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. febr. þ. á., og krafist þess, að allar kröfur hans fyrir fógetaréttinum verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður, bæði fyrir fógetaréttinum og fyrir yfirdómi, en stefndu krefjast staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Með nefndum landsyfirrættardómi voru hinir stefndu dæmdir til að selja áfrýjanda í hendur birgðir af áhöldum til lýsisbræðslu o. fl., sem taldar voru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911, að frátöldum nokkrum ilátum, er tilgreind voru í dómnum; svo voru og stefndu dæmdir in solidum til að greiða áfrýjanda 600 kr. fyrir afnotamissi áhaldanna og 80 kr. í málskostnað. Um verð áhalda þeirra, sem stefndu áttu að skila áfrýjanda eftir dómnum, er enginn ágreiningur milli málsaðila, en það er í skýrslu, sem lögð er fram í yfirdóminum í máli þessu talið 7671 kr. ÷ 495 kr. (andvirði iláta þeirra er frá skyldu talin) eða 7176 kr. Í fógetaréttinum greiddi Höydal, sem einn var til andsvara við fjárnámsgjörðina, ídæmdar skaðabætur, 600 kr. og málskostnað 80 kr. og fjárnámsbeiðandi viðurkendi að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldum, er næmi 2124 kr. virði, og voru honum þannig óafhent áhöld fyrir 5052 kr., er hann krafðist að fógetinn léti stefnda afhenda sér. En þessi áhöld tjáðist Höydal eigi geta framselt, með því að þau væru eigi lengur í sínum vörslum, en megnið af þeim mundi hafa verið selt J. P. Brillouin & Co., og það eftir samkomulagi við áfrýjanda, og nokkuð af áhöldunum

mundi hafa farið í sjóinn í ofviðri veturinn áður, og enn mundi nokkuð af þeim hafa verið í Hafnarfirði, og þegar vera komið í hendur áfrýjanda. Taldi Höydal að þeir Ouse væru lausir við alla ábyrgð af þessum áhöldum, og að þeim væri hvorki unt né skylt að afhenda þau. Þessu mótmælti áfrýjandi og hélt því fram, að samþykki sitt til að selja og afhenda firmanu J. P. Brillouin & Co. nokkuð af áhöldunum hefði verið því skilyrði bundið að firmað greiddi um leið andvirði þeirra í banka í Reykjavík, en Höydal hefði látið firmað taka áhöldin, án þess að fullnægja þessu skilyrði. Hinir stefndu bæru því fulla ábyrgð á þessum áhöldum, og eins á þeim sem kynnu að hafa farist eða kynnu að liggja eða hafa legið í Hafnarfirði, því að ekkert af þeim hefði verið sér afhent. En með því að Höydal taldi þeim Ouse ókleift að skila neinu af hinum vantandi áhöldum, krafðist áfrýjandi þess, að fógetinn gerði fjárnám í svo miklu af fjármunum Höydals sem nægði til greiðslu andvirðis áhaldanna og alls kostnaðar, og að andvirðið væri ákveðið eins og það mótmælalaust var talið í skrá yfir áhöldin, er landsyfirrættardómurinn sé bygður á og með þeirri leiðréttingu, sem þar er gjörð. En til vara krafðist áfrýjandi, að fógetinn ákvæði peningagjaldið með hliðsjón af nefndri skrá.

En stefndu lita svo á, að þó að þeir væru eigi ábyrgðarlausir um vöntun áhaldanna, þá sé það samk. landsyfirrættardóminum óheimilt og ólöglegt að gera fjárnám fyrir peningagjaldi í stað áhaldanna, með því að ekki sé í dónum neitt ákveðið um það, að

peningagjald skuli koma í þeirra stað, verði þeim eigi skilað, og hafi þó verið gerð varakrafa um það bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, og beri samkvæmt 11. gr. sbr. 13. gr. laga um aðför, nr. 19, 4. nóvember 1887 að skilja þetta svo, að þeir hafi verið sýknadír af þeirri kröfu.

Um ábyrgð stefndu á hinum óskiluðu munum verður að telja viðurkent, að þeir hafi mest allir verið í Vestmannaeyjum í vörzlum stefnda Höydals, og eftir skýrslu hans afhenti hann fyrnefndu firmu J. P. Brillouin & Co. megnið af þeim eftir samkomulagi við áfrýjanda, »gegn því«, bætir Höydal við, »að kaupandi deponeraði andvirðinu í banka í Reykjavík, sem hann þó aldrei mun hafa gert«. Með þessu virðist það viðurkent af Höydal, að samkomulag áfrýjanda við hann, eða samþykki um afhending áhaldanna, hafi eigi verið öðruvísi en áfrýjandi kannast við, þ. e. gert eða gefið með áminstum fyrirvara. Og þó að þetta væri eigi álitid viðurkent, þá hafa stefndu eigi gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að samþykki hans hafi verið skilyrðislaust. Stefndu eru því eigi lausir ábyrgðar við áfrýjanda á þeim hluta áhaldanna, er Höydal afhenti J. P. Brillouin & Co. Sama er um þau áhöld, er að sögn Höydals kunna að hafa glatast — farið í sjóinn — enda hefir hann enga nánari grein gert fyrir þeim áhöldum. Og loks er það upplýst með skýrslu stefnda Ouse, að ekkert af áhöldunum sé nú í Hafnarfirði, en það af þeim, sem þar hafi verið áður, séu sömu áhöldin, sem á fyrgreindri skrá eru talin afhent áfrýjanda, og hann hefir kannast við að hafa tekið á móti. Sú varnar-

ástæða stefndu, að þeir séu lausir allrar ábyrgðar á þeim áhöldum, sem þeir hafi eigi skilað áfrýjanda álist því ekki eiga við rök að styðjast.

Að því er kemur til kröfu áfrýjanda um peningagjald fyrir áhöldin, þá er að vísu ekkert ákveðið um kröfu þessa í landsyfírréttardóminum, en í því felst þó engin heimild til að álita, að stefndu hafi verið sýknaðir af henni, þó að varakrafa í þessa átt kæmi fram í yfirdóminum frá áfrýjanda hálfu. Af því, að í dómnum var gengið fram hjá varakröfunni, verður eigi ráðið frekar en það, að yfirdómurinn hafi litið svo á, að það, eftir ástæðum, væri réttara að fógetinn úrskurðaði um þessa kröfu og ákvæði peningagjaldið, ef til þess kynni að þurfa að taka vegna vanefnda á dómsorðinu. Þannig ber að skilja yfirréttardóminn, og 2. mgr. 11. gr. aðfararlaganna, sem ræðir um það, er peningagjald er eigi ákveðið í dómnum, »vegna þess að engin varakrafa var gerð um það við rekstur málsins«, og sem stefndu hafa vitnað í máli sínu til stuðnings, kemur þá eigi hér til greina, þar sem peningagjaldið var af öðrum ástæðum látið óákveðið, enda verður ekki leitt af hinni tilvitnuðu setningu, að ætíð beri í dómnum að gera ákvæði um slíka varakröfu. Það verður og hér að teljast í samræmi við 13. gr. aðfararlaganna, að fógetinn ákveði peningagjaldið, þar sem um afhending ákveðinna hluta er að tefla, og á þá tilvitnun þessarar greinar til 11. gr. við það, hvernig peningagjaldið skuli metið og fógetinn haga sér að öðru leyti.

Það verður þá samkvæmt framanrituðu eigi talið rétt, að áfrýjanda var synjað um fjárnám hjá

stefnda, Höyðal, fyrir andvirði hinna óskiluðu áhaldna, og ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna fjárnám.

Málskostnaður þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógetanum að framkvæma fjárnámið.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 6. september 1915.

Nr. 47/1915.

Réttvísinn

gegn

Sigurði Gíslasyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Árnassýslu, uppkveðnum 28. maí þ. á. var hinn ákærði, Sigurður Gíslason trésmiður á Eyrarbakka, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin varðhaldskostnað og málsvarnarlaun til skipaðs sækjanda Jóns hreppstjóra Einarssonar fimm.